



## Fundargerð

### **22. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 10. september 2024 og hófst kl. 8:15**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir. Gestur fundarins var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir frá Lögmönnum Suðurlands

#### **1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

#### **2. Drög að samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga**

Steinunn Erla lögmaður fór yfir breytingar á samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga. Framkvæmdastjórn samþykkir að vísa þeim áfram til umræðu á haustfundi Héraðsnefndarinnar.

#### **3. Fjárhagsáætlanir stofnanna fyrir árið 2025**

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar leggur til við forstöðumenn að setja ekki flata prósentu hækkun á alla liði í rekstri við gerð fjárhagsáætlunavinnu fyrir árið 2025. Óskað er eftir því að forstöðumenn skoði alla liði í rekstri með tilliti til þess hvort hægt er að lækka þá eða láta þá standa í stað. Ef þörf er á að hækka liði sérstaklega milli ára þá þarf rökstuðningur að fylgja þeirri hækkun.

Fundi slitið kl. 9:20

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.